

Nd.

91. Nefndarálit

[65. mál]

um frv. til l. um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu gerir ríkisstjórnin tvær aðaltillögur til breytinga á gildandi lögum um verðtryggingu launa. Í fyrsta lagi leggur hún til, að verðlagsuppbótum á laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur verði breytt þannig 1. desember n. k., að þær miðist við nýja vísitölugrundvöllinn, þó með nokkrum breytingum. Samkvæmt því munu verðlagsuppbætur á laun hækka um 3.39% 1. desember n. k. Hefði eldri vísitölugrundvöllurinn verið áfram í gildi, hefði verðlagsuppbótin orðið rúmlega 6%.

Í öðru lagi leggur ríkisstjórnin til samkv. þessu frv., að eftir 1. desember verði hætt að reikna út kaupgjaldsvísitölu og fellt verði úr lögum ákvæði um vísitölubætur umfram það, sem ákveðið verður 1. desember. Frumv. gerir þó ráð fyrir, að stéttarfélag og vinnuveitendur geti gert samninga um breytingar á kaupum og einnig um vísitöluuppbætur á kaupgreiðslur.

Frumvarpið miðar því í þá átt, að tekin verði upp sömu vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar varðandi kaupgjaldsmál og hún tók upp í upphafi viðreisnarinnar árið 1960, þegar hún beitti sér fyrir, að bannað var með lögum, að launagreiðslur væru bundnar við verðlagsvísitölu.

Afleiðingar þeirrar stefnu urðu fyrst þær, að kaupmáttur launa fór síminnkandi, en síðar upphófst miklar vinnudeilur og framleiðslustöðvanir.

Á miðju ári 1964 var svo komið, að verðlag í landinu hafði hækkað um 87% frá febr. 1960, og viðurkenndi ríkisstjórnin þá loksins, að kauplækkunarstefna hennar og bannið við vísitöluuppbótum á laun fengi ekki staðizt.

Það má því furðulegt teljast, að ríkisstjórnin skuli enn á ný reyna að taka upp sömu stefnu í kaupgjaldsmálum og í upphafi viðreisnar, svo hörmulega sem sú stefna reyndist í framkvæmd.

Minni hl. fjárhagsnefndar er algerlega andvígur þessu frumv. og vill fella það, fáist ekki á því mjög verulegar breytingar.

Minni hl. flytur nokkrar breytingartill. við frv. á sérstöku þingskjali. Meginefni þeirra er það, að upp verði tekin í frv. ákvæðin um vísitölubætur á laun og lífeyrisgreiðslur úr lögnum um verðtryggingu launa frá 1964.

Alþingi, 27. nóv. 1967.

Lúðvík Jósefsson,
frsm.

Jón Kjartansson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.